

# **Saga íþróttafélagsins Gróttu**

Frá árinu 1967 til ársins 2006

Hermann Þór Þráinsson

## **Inngangur**

Mörg íþróttafélög eru starfrækt á Reykjavíkursvæðinu, misjöfn að stærð, aldri, árangri og síðast en ekki síst, sögu. Það sem fólk heillast við Gróttuna er heimilislega andrúmsloftið sem þar svífur yfir vötnum. Það má í raun líkja andrúmsloftinu við ljós vitans á staðnum sem félagið er nefnt eftir sem skín yfir sjónum og beinir fólki á rétta braut, framhjá ólgusjó eiturlyfja og sukks til betra lífs í hraustum líkama.

Óþarft er að tíunda um mikilvægi íþróttafélaga í hverjum bæ fyrir sig. Kappleikir bæjarfélaga á milli eykur samkennd hvers félags fyrir sig og bindast iðkendur oftast en ekki vinböndum sem vara alla ævi. Er markmiðið í þessari ritgerð að fjalla á sem skýrastan hátt um sögu Íþróttafélags Seltjarnarness, Gróttu.

## **Saga Gróttu**

Íþróttafélagið Gróttu var opinberlega stofnað þann 24. apríl árið 1967 í samkomusal Mýrarhúsaskóla, grunnskóla Seltjarnarness. Þó hafði starfssemi félagsins hafist sumarið áður er knattspyrnuáhugamaðurinn Garðar Guðmundsson hafði smalað saman nokkrum piltum og hafið skipulagðar knattspyrnuæfingar. Til að byrja með var félaginu ekki deildaskipt en það breyttist árið 1969 er handknattleiksdeild Gróttu var stofnuð. Auk þess hafa körfuknattleiks-, skák-, fimleika- og skíðadeild verið starfrækt innan félagsins, en eina deildin af þessum sem enn er starfrækt í dag er fimleikadeildin. Nánar verður rætt um hverja deild fyrir sig á eftir af þeim sem enn er starfandi.

## **Saga Fimleikadeildar**

Saga fimleikadeildar Gróttu hefst talsvert síðar en hinna núverandi deilda félagssins. Var deildin sett á laggirnar árið 1985 af Gunnari Lúðvíkssyni og Hildigunni Gunnarsdóttur. Í byrjun var áhersla lögð á yngri iðkendur, drengi og stúlkur á aldrinum sex til tíu ára. Iðkendum fjölgaði ört og samhliða því urðu þjálfarar sífellt

fleiri. Árið 1988 steig Gróttan næsta skref í þjálfun sinni í fimleikum er hinn kínverski Jia De Li kom til landsins til að kenna bæði iðkendum og þjálfurum. Stóð hann undir öllum þeim væntingum sem gerðar voru til hans og auðgaðist Gróttan mikið af nærveru hans og hæfileikum.

Árið 1989 var tekið nýtt íþróttahús í notkun á Seltjarnarnesi og voru það tímamót í íslenskri fimleikabjálfun, því í húsinu var fimleikagryfja, sú fyrsta á landinu. Stækkun fimleikadeildarinnar var hröð og árið 1989 voru um 200 iðkendum á skrá og 14 þjálfarar. Brátt hvarf Jia De Li frá störfum og til að fylla skarð hans voru fengnir tveir kínverskir þjálfarar, þeir Wang Yunshi og Jia Xianghai. Þá var Ásta Ísberg ráðin yfirþjálfari og breytti það miklu að hafa svo reyndan þjálfara, en hún er íþróttakennari að mennt og alþjóðlegur fimleikadómari. Árið 1992 fékk Wang ekki leyfi frá heimalandi sínu um áframhaldandi dvöl hér og varð því frá að hverfa. Í staðinn kom landi hans Zhang Zhong. Árið 1993 vakti árangur Önnu Gunnarsdóttur og Evu Björnsdóttur athygli, en þær náðu verðlaunasæti á Íslandsmeistaramótinu. Sama sumar veitti bæjarstjórn Seltjarnarness styrk til kaupa á fimleikagólfi og fékk fimleikadeildin einnig umráð yfir skemmu í hinu fornfræga Ísbjarnarhúsi, sem varð til þess að æfingartími deildarinnar jókst til muna. Vorið 1997 urðu Gróttustúlkurnar Auður Ólafsdóttir og Eva Sveinsdóttir Íslandsmeistarar í fyrsta og öðru þrepi.

Árið 1999 voru gerðar endurbætur á íþróttahúsinu og var þá tekinn í notkun sérstakur fimleikasalur sem skiljanlega bætti aðstöðu fimleikaiðkenda til muna. Um svipað leyti var ráðin til starfa Gabriella Belany og hefur hún starfað hjá félaginu síðan. Stuttu eftir aldarmótin jók Jóhanna Sigmundsdóttir hróður félagsins enn fremur er hún varð Íslandsmeistari. Árið 2003 var Constantin Antonov ráðinn til félagsins og nýtur félagið enn hæfileika hans. Síðasta sumar var hinn sænski Christian Vippola ráðinn og hefur hann heillað alla sem að fimleikunum standa með hæfileikum sínum og skemmtilegri framkomu.

Upp á síðkastið hefur Sif Pálsdóttir verið sú Gróttumanneskja sem hefur unnið hvað mest verðlauna, en hún er meðal annars margfaldur Íslandsmeistari. Er hún ásamt Hörpu Snæðisi Hauksdóttur hluti af gríðarefnilegri framtíð íslenskra fimleika.

## Saga Knattspyrnudeildar

Eins og áður hefur komið fram þá var Gróttu stofnuð sem knattspyrnufélag og var rekið sem slíkt í fyrstu árin. Á þessum tíma var stofnandi félagsins, Garðar Guðmundsson, allt í öllu. Ásamt því að sinna flestum félagsstörfum, svo sem gjaldkeri, ritari og formaður félagsins, þjálfaði hann alla strákana af Seltjarnarnesinu á grasflötinni við hliðina á húsinu hans, en þeir voru rúmlega 120. Í blaðaviðtali við blaðið Vísi er haft eftir Garðari að ekki gengi að hann ræki félagið einn til lengdar og því hefði hann skrifað Íþróttasambandi Íslands um að fá aðild að samtökunum. Varð það til þess að Íþróttafélagið Gróttu var stofnað 24. apríl 1967. Framan af átti Gróttu býsna erfitt uppdráttar, bæði vegna slæglegrar aðstöðu og nábýlisins við KR. Ekki var mikið fjármagn til staðar og því var enginn knattspyrnuvöllur né íþróttahús. Því var auðvelt fyrir unga og efnilega knattspyrnumenn að fara til KR til æfinga með drauma um frama að leiðarljósi. Af þessum ástæðum og ýmsum öðrum hefur meistaraflokkur Gróttu í knattspyrnu átt fremur erfitt uppdráttar. Til að byrja með var litið á Gróttu sem þurfaling sem átti litla framtíð fyrir sér og átti sú skoðun sannarlega rétt á sér. Smám saman óx félagið um síðir varð öllum ljóst að Gróttu var „alvöru“ félag sem var komið til að vera. Árið 1985 tók Stefán Ágústsson við formennsku knattspyrnudeildarinnar og var honum ætlað að binda endi á erfiðleikatímabil sem hafði verið í gangi. Hafði hann áður gegnt formannsstarfi deildarinnar og það með miklum sóma.

Tveimur árum síðar verða eins konar kynslóðaskipti í knattspyrnudeildinni. Stefán lét af formennsku og við tekur stjórn sem Sigurlaug Bjarnadóttir, Steinn Jónsson og Guðmundur Hannesson sátu í. Eitt af fyrstu verkum þessarar stjórnar var að ráða Lárus Grétarsson sem þjálfara. Lárus tók við yngri flokkum félagsins og tóku hjólin þá að snúast. Lið Gróttunnar tóku að sigra leiki og mót og með því jókst ásókn í knattspyrnunna, bæði meðal iðkenda og foreldra. Árið 1990 náðist ákveðinn hápunktur í þessari þróun er 5.flokkur náði fimmta sæti á Íslandsmótinu. Að sjálfsgöðu tóku forráðamenn annarra félaga eftir slíkum áragri og fóru svo að lokum að Lárus fór frá félaginu.

Við starfi hans tók Júlíus Júlíusson, sem án efa hefur verið einn ástsælasti unglingsþjálfarinn í sögu félagsins, en Júlíus hefur alið upp heila kynslóð knattspyrnumanna undir merkjum Gróttu. 1990 lét Guðmundur Hannesson af störfum

og í hans stað kom Steinn Jónsson. Undir handleiðslu Steins rann upp blómatími Gróttunnar, þá helst á árunum 1990 – 1992 er Gróttan vann sigur í 4. deild. Sannarlega óvænt og glæsileg úrslit og ekki minnkaði gleðin árið eftir er uppskera sumarsins var þriðja sæti í 3. deildinni. Tímabilið árið 1996 var mikil vonbrigði, en þá féll Gróttan aftur niður í 4. deild. Við það grisjaðist svo gríðarlega mikið í meistaraflokk félagsins að byggja þurfti upp nýjan flokk frá grunni. Eftir þetta áfall lá meistaraflokkur niðri í tæpan áratug og hefur nýlega varið smám saman að skríða saman aftur. Ásmundur Haraldsson var ráðinn þjálfari liðsins auk þess að spila í fremstu víglínu. Árið 2005 náði Gróttan ágætis árangri og endaði í öðru sæti síns riðils í þriðju deild. Komst það því í umspil um sæti í annari deild og spilaði liðið þar við Reyni Sandgerði. Var leikið heima og að heiman og skemmst er frá því að segja að þetta voru miklir markaleikir. Að lokum höfðu Reynismenn betur en Gróttumenn sátu eftir með sárt ennið. Er stefna alla ráða- og liðsmanna liðsins að komast upp í sumar og er liðið nægilega sterkt til að það geti talist raunhæfur möguleiki.

## **Saga Handknattleiksdeildar**

Þó svo að Gróttan hafi verið stofnað upphaflega sem knattspyrnufélag er saga handknattleiksdeildarinnar yfirgripsmest af öllum deildum félagsins. Handknattleiksdeild Gróttu varð til árið 1969, tveimur árum eftir stofnun félagsins, er nokkrir leikmenn úr KR sögðu sig úr sínu gamla félagi og gengu til liðs við hið nýja félag Seltirninga. Fyrsti formaður handknattleiksdeildarinnar var Stefán Ágústsson. Var liðið sent til keppni í Íslandsmóti og lék liðið í annarri deild. Ekki tók langan tíma að byggja upp sigurlið og árið 1974 vann Gróttan sér sæti í fyrstu deild. Margir skemmtilegir leikmenn voru í þessu Gróttuliði, til dæmis hornamanninn Atla Þór Héðinsson, Halldór Kristjánsson, skytta sem var sagður hafa ruglað markmenn í vítaköstum með því að horfa á báðar stangirnar í einu og línumaður sem oft skoraði hin sérkennilegustu mörk úr langskotum, en þar er auðvitað átt við sagnfræðinginn Árna Indriðason. Fyrsta árið í efstu deild var ágætt, eftir frábæra byrjun þar sem liðið varð Reykjanesmeistari eftir að hafa sigrað Íslandsmeistara FH í úrslitaleik dalaði gengið talsvert, en liðið hélt engu að síður sæti sínu í efstu deild. Næsta ár gekk fátt

upp fyrri hluta tímabils og benti flest til þess að fall niður í aðra deild yrði hlutskipti Gróttu um vorið. Í jólahléi var nýr þjálfari ráðinn, maður að nafni Gunnar Kjartansson. Urðu þessi skipti til algera stakkaskipta á liði Gróttunnar og vann liðið alla leiki sína eftir jól, nema einn leik gegn FH sem urðu Íslandsmeistarar. Varð þessi árangur auðvitað til þess að liðið hélt sæti sínu í efstu deild. Næsta vetur, eða veturinn 1977-78, var Árni Indriðason ráðinn þjálfari liðsins samhliða miklum mannaskiptum. Fjölmargir ungir og reynslulitlir leikmenn komu í liðið. Árangurinn var rýr, liðið fékk aðeins eitt stig úr fjórtán leikjum og féll í aðra deild. Var dvölin í annari deild ekki langvinn því þar varð liðið í neðsta sæti og féll í þriðju deild. Eins og oft gerist við slík áföll grisjaðist mikið úr meistaraflokknum og varð árangurinn eftir því. Dvaldi Gróttu fjögur ár í þriðju deild og var það ekki fyrr en tímabilið 1981-82 að félagið vann sér inn sæti í annari deild. Þá stjórnaði liðinu Sigfús Árni Guðmundsson, sem er faðir núverandi þjálfara meistaraflokks karla, Guðmundar Árna Sigfússonar. Eru þeir einu feðgarnir sem hafa báðir stjórnað meistaraflokki karla. Eftir þennan árangur hætti Sigfús með liðið. Við tók við langvinn dvöl í annari, því þrátt fyrir að vera oft í toppbaráttu tókst liðinu ekki að vinna sig upp í fyrstu deild fyrr en keppnistímabilið 1987-88. Þá var Guðmundur Magnússon þjálfari liðsins.

Þegar í fyrstu deild var komið tók Árni Indriðason aftur við liðinu og eins og áður urðu samhliða þjálfaraskiptunum talsverð leikmannaskipti. Þó varð sú breyting á að sterkari leikmenn voru fengnir til liðs við Gróttuna og varð árangurinn eftir því. Tímabilið 1987-88 náði Gróttu besta árangri sínum á þeim tíma í sögunni, er liðið hafnaði í fimmta sæti í Íslandsmótinu. Voru fjölmargir skemmtilegir leikmenn í liðinu, t.d. Halldór Ingólfsson, sem gert hefur garðinn frægan með Haukum síðustu tímabil, hinn gríðarsterki markvörður Sigtryggur Albertsson auk núverandi knattspyrnuþjálfara Vals, Willum Þór Þórssyni. Er hér er komið við sögu var deginum ljósara að íþróttahús bæjarins var ekki í nægilega góðu standi og brugðust bæjaryfirvöld við þeirri brýnu nauðsyn sem bygging nýs íþróttahús var. Urðu þær framkvæmdir til þess liðið varð að leika sína heimaleiki í íþróttahúsinu Digranesi fyrir áramót 1989, en í janúar hóf félagið að leika í nýja íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi.

Um svipað leiti, eða árið 1987 hóf meistaraflokkur kvenna störf. Árangur liðsins var ágætur miðað við að breiddin var ekki mikil. Sú litla breidd átti eftir að hafa sín áhrif í framtíðinni, en árið 1993 kom að því að leikmenn meiddust eða hugðu á fjölgun mannkyns og lagðist flokkurinn af árið 1993.

Árið 1990 rættist gamall draumur ráðamanna félagsins um að fá erlendan þjálfara er hinn rússneski Valary Mutagarov var ráðinn til liðsins. Lék liðið í fyrstu deild til ársins 1992, þegar það féll í aðra deild. Ekki stoppaði félagið jafnlengi þar við og síðast heldur vann sér inn sæti í fyrstu deild árið 1995. Það tímabil náðist ágætis árangur, sjöunda sæti var uppskeran sem Gauti Grétarsson þáverandi þjálfari náði með liðið. Næsta ár gekk ekki jafn vel og endaði liðið í neðsta sæti í efstu deild. Einn af liðsmönnum félagsins á þessum tíma var Guðjón Valur Sigurðsson, þá bráðefnilegur þjakkur en núverandi leikmaður Gummersbach í Þýskalandi, einu sterkasta félagsliði í heimi.

Árið 1997 urðu straumhvörf í sögu Gróttu er liðið sameinaðist handknattleiksdeild KR. Tilheyrilegar mannabreytingar urðu samhliða þessu og tók Ólafur Lárusson við sem þjálfari liðsins. Á sínu fyrsta ári undir merkjum Gróttu/KR náði liðið öðru sæti í annari deild og lék því tímabilið 1998-99 í fyrstu deild. Varð sá vetur nokkur vonbrigði og féll liðið aftur niður í aðra deild. Næsta tímabil tók liðið sig þó saman í andlitinu og sigraði aðra deild. Fóru þá fyrir liðinu Ungverjinn Zoltán Belányi auk ungs Letta að nafni Alexandr Petterson. Alex, eins og hann var alltaf kallaður í Gróttunni, hefur nú fengið íslenskan ríkisborgararétt og leikur í Þýskalandi undir merkjum Grosswallstadt. Tímabilið 2000 – 01 lék liðið frammar öllum vonum og endaði í fimmta sæti Íslandsmótsins og endaði með 28 stig, aðeins fjórum stigum frá Íslandsmeisturum KA. Næsta tímabil hélt liðið áfram að leika við hvern sinn fingur og endaði í fjórða sæti í Íslandsmótinu, sem er besti árangur sem Gróttu hefur náð hingað til.

Eftir þetta tímabil hætti Ólafur með liðið og við tók hinn ungi Ágúst Jóhannsson. Varð níunda sæti uppskera tímabilsins 2002 – 03 og þóttu það talsverð vonbrigði. Það sem gladdi hjörtu Gróttumanna þetta tímabil var framgangna liðsins í Áskorendakeppni Evrópu þar sem liðið náði í átta liða úrslit. Þar var háð hörð rimma gegn sænska liðinu Såvehof, sem reyndist því miður of stór biti fyrir liðið af Nesinu. Næstu tvo vetra urðu vonbrigðin sífellt meiri og illa gekk að fá nýja leikmenn til liðsins. Sumarið 2005 slitnaði upp úr samstarfi Gróttu og KR og urðu þá allir leikmenn meistaraflokks þá samningslausir og frjálsir ferða sinna. Stukku hin ýmsu félög landsins til og er haustaði var orðið ljóst að ekki tækist að manna lið um veturinn. Var þá hinn fyrrverandi Gróttuleikmaður Guðmundur Árni Sigfússon ráðinn sem þjálfari og er honum ætlað að móta hina stórefnilegu leikmenn annars flokks

félagsins og gera þá að framtíðar meistaraflokksleikmönnum. Ætlun ráðamanna félagsins er að taka þátt í Íslandsmóttinu tímabilið 2006 – 07.

Er sameining Gróttu og KR átti sér stað var meistaraflokkur kvenna endurvakinn og var mikill hugur í mönnum, því mannskapur liðsins var breiður. Á fyrsta keppnistímabili hins sameinaða liðs endaði liðið í fjórða sæti. Seinni hluta tímabilsins stjórnaði liðinu Ágúst Jóhannsson, sá sami er síðar myndi þjálfa lið meistaraflokks karla. Tímabilið 1998 – 99 tók við liðinu Gunnar Gunnarsson og stýrði hann liðinu til áttunda sætis í Íslandsmóttinu. Árið eftir bætti liðið um betur og endaði í fjórða sæti. Tímabilið 2000 – 2001 tók Guðmundur Árni Sigfússon, sá sami og heldur nú um stjórnartauma meistaraflokks karla, við liðinu og náði sjöunda sæti. Næsta tímabil tók þó Gunnar Gunnarsson aftur við liðinu, árangurinn var þó sá sami og endaði liðið í sjöunda sæti. Aðalsteinn Eyjólfsson tók við liðinu fyrir tímabilið 2002 - 03 en þrátt fyrir það varð uppskeran sú sama, sjöunda sætið. Aðalsteinn entist ekki lengi í starfi og tók nafni hans Aðalsteinn Jónsson við um haustið 2003. Lét hann af störfum snemma vetrar var Alfreð Finnsson fenginn til að stýrða liðinu. Sjötta sæti varð hlutskipti liðsins undir stjórn hans. Síðustu tvö keppnistímabil hefur Kári Garðarsson stýrt fleygi Gróttunnar með miklum myndarskap. Nú liggur ljóst fyrir að hann mun ekki halda áfram með liðið, heldur mun Alfreð Finnsson taka við liðinu aftur en hann hefur nýverið gert lið ÍBV að Íslandsmeisturum kvenna. Lið Gróttu hefur þrisvar sinnum komist í bikarúrslit kvenna, árin 2000, 2002 og 2005 en ekki hefur sigur unnist enn.

## **Niðurlag**

Eins og má sjá er íþróttafélagið Gróttu ungt félag og á eflaust enn eftir að vinna sína stærstu sigra í komandi framtíð. Aðstaða til íþróttaiðkunar er sífellt að batna og hefur Gróttu einsett sér að vera meðal fremstu félaga landsins er kemur að aðbúnaði og aðstöðu. Til marks um það er nú verið að reisa gervigrasvöll fyrir hina fjölmörgu knattspyrnuíðkendur félagssins. Auk þess verður ný sundlaug brátt tilbúin, en framkvæmdir um stækkun hennar hafa staðið síðastliðinn vetur.

Bætt aðstaða ásamt ungu kynslóð félagsins, sem þykir geysilega efnileg, bendir til að framundan eru bjartir tímar hjá íþróttafélaginu Gróttu.